

Kolla & kúltúrinn

kolbrun@bladid.net

Gaddakylfan veitt

Mannlíf og Hið íslenska glæpafélag stóðu fyrir glæpasmá-sagnasam-keppninni Gaddakylfan á dögunum. Sigurvegarar í Gaddakylfunni fengu sögur sínar birtar í bók sem fylgir Mannlífi auk þess sem efstu þrír fengu peningaverðlaun og sigurvegarinn fékk glæsilegan verðlaunagrip, Gaddakylfunu, eftir listakonuna Koggu en nafn keppninnar er einmitt dregið af þeim grip. Er þetta annað árið í röð sem Kogga gerir verðlaunagripinn fyrir þessa samkeppni. Sigurvegari Gaddakylfunnar 2006 var Sigurlín Bjarney Gísladóttir með sögu sína, Þjóðvegur 1, annað sætið skipaði Lýður Arnason með Ekki fyrir viðkvæma og Ásdís Herborg Ólafsdóttir varð í þriðja sæti fyrir Málverk. Sigurvegarinn, Sigurlín Bjarney, sigraði einnig örsögukeppni Máls og menningar og Menors 2005 auk þess sem textar eftir hana hafa birst í Lesbók Morgunblaðsins.

Sigurlín Bjarney Gísladóttir.

Metsölulistinn - allar bækur

1. **Draumalandið**
Andri Snær Magnason
2. **Flugdrekaflauparinn** - kilja
Khaled Hosseini
3. **Vetrarborgin** - kilja
Arnaldur Indriðason
4. **Íslenska vegahandbókin**
Vegahandbókin ehf.
5. **Lost in Iceland**
Sigurgeir Sigurjónsson
6. **Skuggi vindsins** - kilja
Carlos Ruiz Zafón
7. **Hálendishandbókin**
Páll Ásgeir Ásgeirsson
8. **Leyndardómur býflugnanna**
Sue Monk Kidd
9. **Munkurinn sem seldi sportbílinn sinn**
Robin Sharman
10. **Fjórði júlí** - kilja
James Patterson

Listinn var gerður út frá sölu dagana 05.07.06 - 11.07.06 í Pennanum Eymundsson og Bókabúð Máls og menningar.

Metsölulistinn - erlendar bækur

1. **Blue Smoke**
Nora Roberts
2. **Until I Find You**
John Irving
3. **The Thieves of Heaven**
Richard Doetsch
4. **Fire Sale**
Sara Paretsky
5. **Saving Fish From Drowning**
Amy Tan
6. **Sympathy Between Humans**
Jodi Compton
7. **Predator**
Patricia Cornwell
8. **The Lincoln Lawyer**
Michael Connelly
9. **Fourth of July**
James Patterson
10. **With No One As Witness**
Elizabeth George

Listinn var gerður út frá sölu dagana 05.07.06 - 11.07.06 í Pennanum Eymundsson og Bókabúð Máls og menningar.

Ég er hrifinn af svínum. Hundar líta upp til okkar. Kettir líta niður á okkur. Svín koma fram við okkur eins og jafningja.

Winston Churchill

Afmælisbörn dagsins

HARRISON FORD LEIKARI, 1942.

ISAAC BABEL RITHÖFUNDUR, 1894.

Guðbjörg Kristjánsdóttir um verk Ásgerðar Búadóttur:

Fullkomin, öflug og fín verk

Í forkirkju Hallgrímskirkju stendur nú yfir sýning á verkum Ásgerðar Búadóttur. Þar sýnir Ásgerður fjögur verk og er sýningin haldin í samvinnu við Listasafn Háskóla Íslands. Hún stendur til 26. ágúst.

Guðbjörg Kristjánsdóttir, listfræðingur og forstöðumaður Gerðasafns, hefur góða þekkingu á list Ásgerðar og ritaði um hana í bókinni Íslensk list sem kom út árið 1981. „Á þeim tíma fannst mér Ásgerður vera í ákveðinni baráttu. Það var eins og henni þætti sem vefnaðarlistin og listsköpun hennar væri ekki metin til fulls á við málverkið“, segir Guðbjörg þegar hún er spurð um verk Ásgerðar. „Í dag eru verk hennar viðurkennd sem fullgild listaverk, og alls ekki síðri en málverk. Verk hennar eru fullkomin, öflug og fín.“

Setur sér takmörk

„Hún setur sér mikil takmörk í list sinni“, segir Guðbjörg. „Verk hennar eru á margan hátt minimalísk. Auk þess að nota jarðarliti, grátt, ljóst og svart, notar hún aðallega tvo liti, rauða eldfjallalitinn og bláa litinn.“

Hún litar garnið nokkrum sinnum og það er aldrei sami blærinn frá einni litun til annarrar og síðan vefur hún garnið saman úr mismunandi litum þannig að ákveðin dýpt kemur í litinn sem hún gæti aldrei fengið úr verksmiðjultuðu bandi. Hún notar hrosshár á skemmtilegan hátt og gerir þannig vefinn þrívíðan, hárin ganga út úr vefnum og til verða eins konar lágmyndir. Það var vitanlega heldur óskemmtilegt að fara í sláturhús og ná í hrosshár og hreinsa þau, eins og hún gerði. Hún hefur sagt að í hvert einasta skipti hafi

Ásgerður Búadóttir. Metnaðarfull og gerir kröfur til sjálfrar sín, segir Guðbjörg Kristjánsdóttir listfræðingur.



Dul



Is og eldur


hún hugsað með sér að þetta myndi hún aldrei gera aftur, en hún gerði þetta samt aftur og aftur.“

Metnaðarfull listsköpun

„Hún sækir mikinn innblástur til Íslands og náttúrunnar. Það er sterk tilfinning í verkum hennar sem heita yfirleitt fallegum nöfn-“

um eins og Værð og Kyrrð. Sjálf hefur hún lýst því hversu notalegt henni finnst að vefa og hefur sagt að hún hlakki alltaf til vetrarins þá þá getur hún sest við vefstólinn.

Ásgerður er mjög metnaðarfull í listsköpun, sem er alltaf gott því slíkt fólk gerir miklar kröfur til sjálfs sín og beitir sig hörku. Þetta skilar sér í verkum hennar.“



Dularfullt innsæi

Árið 2002 var haldin í Gerðarsafni samsýning fimm listamanna. Guðbergur Bergsson valdi listamennina og þar á meðal var Ásgerður Búadóttir.

Í texta í sýningar-skrá fjallaði Guðbergur um verkin, þar á meðal verk Ásgerðar, Veginn langa. Þar segir hann um verkið:

„Ásgerður gerir vissa frumhugsun sýnilega í Vegurinn langi frá 1993. Formin hvíla á svörtum fleti. Til að auðvelda okkur skilning getum við fært myndina inn á alþekkt svið. Vegurinn liggur þá yfir svartan sand. Eða við getum gert hann að lífsviðhorfi: Leið okkar er í megindráttum tvískipt. Hún er ólík eftir því hvort vegurinn liggur til hægri eða vinstri. Öðrum megin er hann beinn, hinum megin vex út úr honum horn. En hvort sem við veljum verður beini hlutinn lengri en hinn og teygist frá rauðum jöfnum bogum. Sá með lykkjuna hefur yfir sér misjafna boga. Einn er lengstur. Þetta gefur verkinu ekki aðeins myndrænt yfirbragð heldur dularfullt innsæi. Við vitum ekki nákvæmlega hvers eðlis innsæið kann að vera heldur hitt, að leið mannsins er líka einhvern veginn þannig.“

–Vegurinn langi.

Einnig ber að geta þess að í verki Ásgerðar er þráðurinn í sjálfu sér vegurinn langi. Hann liggur að hætti listamannsins hlykkjóttur um verkið. Þannig eiga samleið hugsun og efni.“

menningarmolinn

Morðið á Jean Paul Marat

Á þessum degi árið 1793 myrti Charlotte Corday einn af leiðtogum frönsku byltingarinnar, Jean Paul Marat. Hún stakk hann með hníf þar sem hann lá í baði. Hún leit á Marat sem óvin frönsku þjóðarinnar og bað um einkafund með honum sem hún fékk á heimili hans. Marat glímdi við húðsjúkdóm sem hann reyndi að halda niðri með reglulegum böðum og

var við vinnu í baðkari sínu þegar Corday rak hníf í brjóst hans. Hann lést svo til samstundis og Corday beið hin rólegasta eftir lögreglunni. Hún var hálshöggvin fjórum dögum síðar. Ýmsir listamenn hafa túlkað atburðinn í verkum sínum, þar á meðal listmálarinn David sem málaði fræga mynd af morðinu sama ár og það átti sér stað.

